



Reykjavík, 2. desember 2024

IER24020020

LF/KHV

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsögn endurskoðunarnefndar um samantekinn árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar – 30. september 2024

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með verklagi við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar – 30. september 2024 með sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og sérfræðingum sviðsins sem vinna að gerð reikningsskila. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Árshlutareikningurinn er ekki kannaður af ytri endurskoðendum.

Nefndin hefur einnig fundað með stjórnendum og ytri endurskoðendum Orkuveitu Reykjavíkur sef. (OR) og fengið kynningu á könnuðum árshlutareikningi samstæðu félagsins fyrir sama tímabil en árshlutareikningur OR hefur mikið vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Eins og áður fylgja með árshlutareikningnum ítarlegar greinargerðir fagsviða og B hluta félaga ásamt skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs. Að mati nefndarinnar er upplýsingagjöf sem finna má í greinargerðunum og skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs góð. Nefndin vekur athygli á ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Á grundvelli ofangreindrar yfirferðar endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á samanteknum árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið 1. janúar – 30. september 2024 telur nefndin að hann sé tilbúinn til afgreiðslu í borgarráði.

F.h. endurskoðunarnefndar

Láraus Finnbogason, formaður